

Nd.

103. Frumvarp til laga

[73. mál]

um breyting á lögum nr. 30 1943, um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Á eftir A. I. d. 31 í 1. gr. laganna kemur nýr liður, svo hljóðandi:
Ölfusá hjá Óseyrarnesi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er hefur fyrir nokkru verið hafin hafnargerð í Þorlákshöfn. Þó að mikið sé eftir að vinna af því verki, eins og ætlað er til að höfnin verði, þegar hún er fullgerð, þá er því þó komið það mikið áleiðis, að nokkuð stór skip geta lagzt þar við bryggju. Það er ásetningur manna í héruðunum austanfjalls að flýta þessu mannvirki svo sem verða má. Ber margt til þess.

Um nokkurt skeið hefur orðið að flytja allar vörur til og frá Reykjavík á bílum, jafnt þungavörur sem annan flutning. Hefur þetta haft óhemju kostnað í för með sér. Nú hefur 1—2 síðustu árin verið flutt nokkuð af vörum til Þorlákshafnar, en meira mundi það þó hafa orðið, ef hafnargerðin hefði verið komin lengra áleiðis. Frá Þorlákshöfn hafa svo vörurnar verið fluttar á bílum austur um sveitir, og er það alllög leið.

Um langt skeið var Þorlákshöfn ein af þekktustu verstöðvum landsins. Fiskimið, ein þau beztu, eru þar nærri. Þaðan gekk um langa tíð fjöldi skipa til fiskveiða. Sakir hafnleysisins og erfiðra lendingarskilyrða lagðist sjósókn þar niður að kalla um tíma. Nú er sjósókn hafin þaðan á ný og hefur gengið ágætlega. Skortir þó mikið á, að hafnargerðin sé það langt komin, að hægt sé að hafa þann bátafjölda, sem fljótlega mundi koma, ef hafnarrýmið væri meira.

Frá Stokkseyri og Eyrarbakka eru gerðir út nokkrir bátar. Er frá þeim stöðum háðum skammt á góð fiskimið. En stopul reynist sjósóknin oft og einatt frá þessum stöðum. Fram af báðum kaupúnunum er mikill skerjaklasi og brimar fljótt, þegar stormasamt er og vindur stendur af hafi. Hefur það og nokkrum sinnum komið fyrir, að þó að róið hafi verið í kyrrum sjó, þá hefur brimað svo skyndi-

lega, að landtaka hefur reynzt torveld og stundum ófær, og hefur þá verið leitað til Þorlákshafnar. Verður slík lending örugg, þegar gerð hafnarinnar er lengra komin áleiðis en nú er.

Prásinnis kemur það fyrir að vetrarlagi, að ekki verður komizt á sjó frá Stokks-eyri og Eyrarbakka, þó að dágott sé í sjóinn, þegar út er komið. Verða því oft og einatt margir landlegudagarnir á þessum stöðum aðeins fyrir hafnleysið. Hafa að visu lendingarbæturnar, sem gerðar hafa verið, bætt mikið úr frá því, sem áður var, en samt sem áður má búast við, að sjór verði ekki sóttur frá þessum kauptúnum að staðaldri í umhleypingasamri tíð. Má fara nærri um það, hvernig atorkusömum og kappsfullum sjómönnum er innanbrjósts, er þeir komast ekki á sjóinn sakir illrar lendingar, en gnægð fiskjar á miðunum, ef á sjó verður komizt. Það er því alveg víst, að jafnskjótt og höfnin í Þorlákshöfn getur tekið á móti mörgum bátum, þá munu Stokkseyringar og Eyrbekkingar sækja sjó frá Þorlákshöfn, þegar gæftir eru illar til að sækja sjóinn að heiman.

Þá er það líka fullvíst, að Vestmannaeyingar munu oft og tíðum í framtíðinni leita til Þorlákshafnar, þegar tvisýnt er um siglingu heim til Eyja. Það getur því fljótlega farið svo, að Þorlákshöfn verði ein af stærstu verstöðvum á landinu og landflutningar að og frá höfninni verði mjög miklir. Má gera ráð fyrir, að slíkir flutningar verði einmitt mjög miklir að Stokkseyri og Eyrarbakka. Frystihús eru bæði á Stokkseyri og Eyrarbakka, og má gera ráð fyrir, að hagnýting aflans verði í nánnum tengslum við starfsemi þeirra. Skiptir því mjög miklu máli, að leið til landflutninga verði sem allra skemmst að hægt er til þessara staða og héraðanna í heild.

Þessi leið liggur frá Þorlákshöfn austur sandana, yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi, um Eyrarbakka og svo áfram til héraðanna fyrir austan, eftir því hvert farið er. En þá þarf að brúa Ölfusá hjá Óseyrarnesi. Brúarstæði mun vera þarna gott á ánni, en talsvert mikið mannvirki verður brúin, en í slíkt er ekki horfandi, þar sem gagnsemi hennar mun verða afar mikil.

Þetta hafa menn líka komið auga á eystra, og hefur þetta verið rætt þar. Hafa t. d. Eyrbekkingar vakið máls á þessu og rætt það mál sín í milli. Hafa nokkrir þeirra átt tal við mig um þetta og óskað þess eindregið, að nú þegar yrði hafinn undirbúningur um fyrirgreiðslu fyrir málinu, svo að ekki yrði það því til tafar, þegar hægt væri að hefjast handa um framkvæmd þess.

Af þeim ástæðum, sem lauslega hefur verið dregið á hér að framan, er þetta frumvarp flutt. Vænti ég, að hver sá, er kynnrir sér málið, sjái, hve afar mikla þýðingu það hefur fyrir framleiðsluna í öllum þessum verstöðvum, sem nefndar hafa verið. En líka getur vel svo farið, að kaupstaðirnir við Faxaflóa, t. d. Reykjavík og Hafnarfjörður, ef vetrarriki gerist mjög harðdrægt, eigi lífsviðurværi sitt mikið undir því, að greiðir og auðveldir flutningar verði úr héruðunum eystra til Þorlákshafnar og svo þaðan til Reykjavíkur. Má því segja, að þessi breyting á brúalögnum sé óhjákvæmileg.